

Snjókoma setti allt úr skorðum



Það biðu margir vongóðir eftir vorinu fyrir síðustu helgi og héldu að harðasti veturinn væri nú að baki. Það kom því heldur betur á óvart á föstudagsmorguninn 5. apríl þegar kyngt hafði niður snjó og bætti í þar til sumir skaflarnir náðu tæplega tveggja metra hæð. Það var ekki hlaupið að því að komast ferða sinna

þennan morguninn og fram eftir degi voru akstursskilyrði þung þrátt fyrir að öflugir menn ynnu við að moka göturnar en slíkri úrkomu man fólk ekki eftir í lengri tíma.

Tindur SH var klæddur í hvít klæði eftir snjókomuna eins og sést á þessari mynd sem tekin var laust eftir hádegi á föstudag.

SJ

Ungmennaráð tók á móti gestum



Ungmennaráð Snæfellsbæjar hlaut fyrir í vetur styrk frá Rannís til að taka þátt í ungmennaskiptiverkefni á vegum Erasmus+.

Eins og fjallað hefur verið um í Jökli þá dvaldi okkar hópur í september sl. í borginni Livorno þar sem þau nutu lífsins og kynntust lífi jafnaldra sinna á

vesturströnd Ítalíu. Nú hafa hlutverkin snúist við og ungmennaráðið tekið að sér hlutverk gestgjafa.

Auður Kjartansdóttir, fyrir hönd bæjarstjórnar, hitti hópinn rétt fyrir páska í rjómaþlíðu við Ráðhús Snæfellsbæjar og bauð þau velkomin í Snæfellsbæ.



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Gengið til samninga um sorphirðu

Í desember 2023 auglýsti Ríkiskaup, sem útboðsaðili fyrir hönd Grundarfjarðarbæjar og Snæfellsbæjar útboð sormála hjá sveitarfélögunum tveimur. Eftir yfirferð og úrvinnslu tilboða var öllum tilboðum hafnað og nýtt hraðútboð var sett af stað. Þar var sama útboð endurtekið með smávægilegum breytingum á forsendum og var þá gefið möguleika á að semja við sitthvorn þjónustuaðilann í sveitarfélögunum. Þann 15. mars síðastliðinn voru tilboðin í hraðútboðinu opnuð og bærust þrjú tilboð í sorphjónustu hjá báðum

sveitarfélögum, það voru Kubbur ehf, Íslenska gámafélagið og Terra hf sem sendu inn tilboð. Kostnaðaráætlun Grundarfjarðarbæjar var rúmar 257 milljónir króna og var lægsta tilboðið sem barst í sorphirðu þar 265 milljónir, það var frá Íslenska gámafélaginu. Næstlægsta tilboðið var frá Kubbur ehf fyrir 292,5 milljónir og Terra hf bauð tæpar 510,8 milljónir í sorphirðu í Grundarfirði.

Kostnaðaráætlun Snæfellsbæjar eru tæpar 428 milljónir króna og átti Kubbur ehf lægsta tilboðið í sorphirðu þar fyrir um 464

milljónir. Íslenska gámafélagið bauð þá 560 milljónir króna og tilboðið frá Terra hf hljóðaði upp á tæpar 785 milljónir. Uppgefin verð eru með virðisaukaskatt og eru kostnaðaráætlanirnar reiknaðar til 6 ára.

Á fundi bæjarráðs Grundarfjarðar þann 22. mars var opunarskýrsla Ríkiskaupa lögð fyrir og bæjarstjóri fór yfir niðurstöður útboðsins. Var þar lagt til að gengið yrði til samninga við lægstbjóðanda í sorphjónustu í Grundarfirði, sem er Íslenska gámafélagið og bæjarstjóra falið að ganga

frá samningi að loknu úboðsferli Ríkiskaupa.

Eins hefur bæjarstjórn Snæfellsbæjar tekið málið fyrir og verður lægstbjóðandi einnig fyrir valinu þar, Kubbur ehf mun taka við sorphirðumálum þann 1. júní. Í sumar verður svo breyting á flokkun og farið verður yfir í fjögurra íláta flokkunarkerfið, þá verða þrjár tunnur við hvert hús og settar upp grenndarstöðvar í sveitarfélaginu.

SJ



Leitað að hreiðurstæði



Farfuglar byrjuðu að koma til landsins í síðasta mánuði og hafa eflaust margir vonast til að með þeim komi vorið, eins og greint er frá annarstaðar í blaðinu þá var alls ekki vorlegt um að litast um helgina.

Farfuglunum er vorkunn að þurfa að halda á sér hita þegar

snjór þekur jörð og hitastig er nálægt frostmarki, tjaldarnir tveir sem myndin er af voru á vappi við félagsheimilið Klif á þriðjudag, þeir eru vanir að verpa á Klifinu og hafa hugsanlega verið að undrast um hvar hreiðurstæðið geti verið.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Grundarfjarðarbær tekur stafræn skref

Grundarfjarðarbær tók í notkun um miðjan marsmánuð hugbúnaðinn OneLandRobot. Í gegnum hugbúnaðinn mun sveitarfélagið taka á móti umsóknum um byggingaráform og byggingarleyfi og mun það héðan í frá berast rafrent í gegnum íbúagátt Grundarfjarðarbæjar. Er þetta skref í átt að því af stafræna samskipti milli bæjarfélagsins og umsækjanda, hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara. Þegar umsókninni hefur verið skilað inn er hægt að fylgj-

ast með stöðu umsókna í íbúagáttinni. Þetta verður til þess að byggingarleyfisumsóknir verða skilvirkari og aðgengilegri fyrir þá sem kjósa að byggja húsnæði. Vonast hluteigendur til þess að einfalda umsóknarferlið og í leiðinni bæta þjónustu við íbúa. Ekki verður tekið við umsóknum framvegis tengdum skipulags- og byggingarmálum nema í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins.

JJ

Það eru þvottadagar hjá ORMSSON

ÞVOTTADAGAR



ÖLL TILBOÐ HJÁ ORMSSON GILDA LÍKA
Í VERSLUN VOOT Í ÓLAFSVÍK

- OG ÞÚ SLEPPUR VIÐ FLUTNINGSKOSTNAÐ



Björgunarsveitir aðstoðuðu fólk um helgina

Á föstudag snjóaði mikið á Snæfellsnesi þó að lítið yrði vart við snjó á höfuðborgarsvæðinu.




Þegar líða fór á helgina fór svo að bæta í veðrið, vonskuveður gekk yfir landið með snjókomu og hvasviðri. Hafði veðrið mikil áhrif á færðina og voru vegir víða lokaðir eða þungfærir. Aðfaranótt sunnudags eyddu félagar í Björgunarsveitunum Klakk úr Grundarfirði og Bersekjum í Stykkishólmi þremur og hálfri klukkustund í að aðstoða bíla sem höfðu fest sig í þungu færi á milli Grundarfjarðar og Stykkishólms. Daginn eftir fóru félagar úr öllum sveitum á norðanverðu Snæfells-

nesi að aðstoða fjölda bíla sem voru í vandræðum á Útnesvegi en þar mældust hviður allt upp í 39 m/s með slæmu skyggni og hálfku. Á tímabili voru allir vegir á Snæfellsnesi lokaðir vegna veðurs, snjóflóð féll undir Ólafsvíkurenni og á Búlandshöfða og vegurinn í Kolgrafafirði lokaðist vegna vörubíls sem þveraði veginn. Á mánudeginum hóf að lægja aftur en vorið virðist ekki ætla að blessa Snæfellsnesið með nærveru sinni í bráð.

Myndirnar eru fengnar frá Björgunarsveitinni Klakki.

SJ



 Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617



Bifreiðaverkstæði /Egis.
Ríft. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Víkingur áfram í Mjólkurbikar

Víkingur Ó. vann 3-0 sigur á móti Elliða í Mjólkurbikar karla þann 4. apríl síðastliðinn. Leikurinn fór fram á Würth vellinum í Árbæ við finar aðstæður. Þeir Luke Williams, Björn Axel Guðjónsson og Eypór Örn Eypórsson skoruðu mörk Víkings í leiknum en mark Williams var úr víti. Sjö gul spjöld fóru á loft í leiknum, fjögur hjá leikmönnum Víkings og þrjú hjá andstæðingum þeirra. Með sigrinum tryggðu Víkingar sig áfram í aðra umferð bikarsins og munu þeir spila á móti Keflavík í Akraneshöllinni þann 10. apríl næstkomandi klukkan 20:15.

Myndina tók Kristinn Steinn Traustason af byrjunarliði Víkings Ó. fyrir leikinn.

JJ





Starfsmaður óskast í Áhaldahús

Snæfellsbær óskar eftir að ráða framtíðarstarfsmann í 100% starf í Áhaldahús Snæfellsbæjar.

Starfið er unnið undir stjórn verkstjóra Áhaldahúss og tæknideildar Snæfellsbæjar.

- Reynsla af verklegum framkvæmdum er æskileg.
- Starfið gerir kröfu um frumkvæði og drifkraft, snyrtimennsku, skipulögð og fagleg vinnubrögð ásamt hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl 2024. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Allar nánari upplýsingar veitir Ævar Sveinsson, bæjarverkstjóri, í síma 898 8559 eða í netfanginu sveinsson@snb.is.

Umsóknir berist í gegnum ráðningarvef Snæfellsbæjar á snb.is.

Hittust í Prjónakaffi hjá Sóley

Síðastliðinn laugardag, 6. apríl, var fyrsta prjónakaffið haldið í nýrri aðstöðu Sóley saumar við Ólafsbraut 19. Þar er Sóley saumar með vinnuaðstöðu og verslun sem opnaði 15. mars síðastliðinn. Á laugardagsmorguninn hittust þar 15 konur af öllu Snæfellsnesi sem gerðu sér ferð í prjónakaffið þrátt fyrir að veðrið hafi ekki verið hið besta. Prjónuðu konur og hekludu saman í góðum félagskap, heitt var á könnunni en Sóley Jónsdóttir, eigandi Sóley saumar, segir að lengi hafi blundað í henni að halda slíkan hitting.

Prjónakaffi hafa verið haldin áður en hefur ekki verið undanfarið og Sóley hafði heyrt af því að áhugi væri fyrir að taka það upp aftur. Stefnt er að því að halda prjónakaffi á Sóley saumar að minnsta kosti einu sinni í mánuði en fyrsti hittingurinn heppnaðist virkilega vel og segist Sóley hlakka strax til næsta. Sóley vill koma fram kær þakklæti fyrir dásamlegar móttökur, bæði á opnun verslunarinnar og á prjónakaffinu.

SJ



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Reynir féll úr Mjólkurbikarnum

Reynir H. spilaði sinn fyrsta og síðasta leik á þessu tímabili í Mjólkurbikar karla á Jáverk-vellinum síðastliðinn laugardag. Mótherjinn var Árborg en Thomasz Luba, fyrrverandi leikmaður Víkings Ó. til margra ára er þjálfari liðsins. Árborg bar sigur úr þitum með 12 mörkum gegn engu og eru Reynis menn því dottnir út í bikarnum í ár. Næsti leikur

Reynis H. verður þann 12. maí næstkomandi en þeir spila í B riðli 5. deildar karla á Íslandsmótinu í fótbolta.

JJ



Söngkeppni 2024



Laugardaginn 6. apríl síðastliðinn fór Söngkeppni framhaldsskólanna fram í Iðunni á Selfossi. Keppnin var sýnd í beinni dagskrá á RÚV. Framlag Fjölbautaskóla Snæfellinga í keppninni var Sandarinn Davíð Svanur Hafþórsson. Davíð Svanur rappaði frumsamið lag sem kallast „lokaðir hurðinni“ og stóð sig með mikilli þrýði. 25 framhaldsskólar tóku þátt í keppninni í ár og var sigurvegari

valinn með símakosningu þar sem atkvæði áhorfenda giltu til helmings á móti atkvæðum dómnefndar. Dómararnir í ár voru þau Ragnhildur Gísladóttir, Elín Sif Halldórsdóttir og Magnús Kjartan Eyjólfsson. Sigurvegari Söngkeppni framhaldsskólanna 2024 var Emelíana Lillý Guðbrandsdóttir en hún keppti fyrir hönd Framhaldsskóla Norðurlands vestra.

JJ

ATVINNA

Hafnir Snæfellsbæjar auglýsa hér með eftir tveimur hafnarstarfsmönnum til sumarafleysinga við Ólafsvíkurhöfn og Rifshöfn. Viðkomandi munu einnig þurfa að vinna við Arnarstapahöfn.

Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára gamlir.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Kjalar stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl 2024 og skulu umsóknir sendar til hafnarstjóra.

Nánari upplýsingar gefur hafnarstjóri í síma 433-6922 og 863-1153, einnig á netfangi bjorn@snb.is

Hafnarstjóri.



HAFNIR
SNÆFELLSBÆJAR



Safna fyrir aðstöðuhúsi á Skíðasvæði Snæfellsness

Skíðasvæði Snæfellsness hefur verið fjölsótt undanfarnar vikur og var svæðið meðal annars opið yfir páskana. Veðrið og skíðafæri hefur verið mjög gott í Grundarfirði og aðsóknin í brekkuna hefur farið fram úr öllum væntingum. Síðan starfsemi hófst á svæðinu hefur Skíðaráð og sjálfbodaliðar lagt ómetanlega vinnu í uppbyggingu á svæðinu. Árið 2022 fór að stað söfnun fyrir nýjum snjótroðara og gekk sú söfnun vonum framar. Skíðaráð hefur nú hafið aðra söfnun og er verið að safna fyrir aðstöðuhúsi í brekkuna. Um er að ræða 160 fermetra stálgrindarhús sem mun nýtast sem geymsla fyrir snjótroðarann en einnig sem aðstöðuhús fyrir skíðabrekkuna. Þar mun vera góð aðstaða fyrir iðkendur, starfsfólk, rúmgóð salerni, matsalur og fleira. Undirbúningsvinna hússins er langt komin og vonast Skíðaráð til þess að geta fjármagnað verkefnið með samstilltu átaki einstaklinga og fyrirtækja.



Styrkja má um frjáls framlög inn á reikning skíðadeildarinnar
Banki: 0321-13-110106
kt. 630189-2689.

JJ


FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



11.–24. APRÍL

BARNADAGAR Í KJÖRBÚÐINNI

20% APPSLÁTTUR AF VÖLDUM BARNAVÖRUM



Sæktu appið og
byrjaðu að spara!

Afsláttur í formi inneignar í appinu

KJÖRBÚÐIN